

Vinnureglur Talíu um skilyrði styrkveitinga, ferill og verklagsreglur

1. gr. Styrkþegar og grunnskilyrði

Hlutverk Talíu er að styrkja félagsmenn Félags íslenskra leikara www.fil.is, Félags leikstjóra á Íslandi www.leikstjorar.is og Félags leikskálda og handritshöfundu www.leikskald.is, til að sýna og kynna íslenska sviðslist erlendis. Stuðningur sjóðsins felst í ferðastyrkjum.

- Skilyrði styrkveitinga frá Talíu er að umsækjendur:
 - a) Séu fullgildir félagsmenn í einhverju ofangreindra félaga.
 - b) Geti lagt fram gögn um verkefni á erlendri grundu sem staðfesta eitthvað af eftirfarandi: Fyrirhugaða leiksýningu, danssýningu, tónleikahald eða aðra framkomu tengd fjölmiðlum og kynningarviðburðum á erlendum vettvangi og/eða aðrara upplýsingar sem sjóðsstjórn metur nauðsynlegar.
 - c) Hafi ekki farið umrædda ferð áður en umsókn er skilað.
- Talía skuldbindur sig til að fara með öll gögn tengd umsóknum sem fyllsta trúnaðarmál.

2. gr. Takmarkanir á styrkveitingum

- Ferðastyrkur takmarkast félagsmenn í ofangreindum félögum sbr. grein 1.1. og skal að jafnaði ekki veittur einum einstaklingi oftar en tvisvar sinnum á ári.
- Hámarks fjöldi fyrir hvert verkefni er 10 ferðastyrkir.
- Sjóðurinn er ætlaður sjálfstætt starfandi listamönnum og styrkir ekki verkefni sem framleidd eru af opinberum stofnunum eða séreignarstofnunum sem reknar eru með opinberu framlagi.
- Sjóðurinn styrkir ekki ferðir á fundi, þátttöku í ráðstefnum, upptökur og ferðir sem ekki innifela flutning á lífandi sviðslist.
- Hver styrkur er að upphæð kr. 55.000 en sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að endurskoða upphæðina til hækkunar á hvaða tímapunkt sem er.
- Sjóðsstjórn er óheimilt að taka til umfjöllunar umsóknir frá fyrri styrkhöfum sjóðsins sem ekki hafa skilað greinargerð um fyrri úthlutun.

3. gr. Umsóknir og skilafrestir

- Umsóknir skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem finna má á vefsvæðum aðildarféлага Talíu.
- Umsóknir skal senda til Félags íslenskra leikara á Lindargötu 6, 101 Rvk. eða með tölvupósti á fil@fil.is FÍL svarar einnig fyrirspurnum vegna Talíu og skal senda þær á sama netfang.
- Umsóknir skulu innihalda greinargóða lýsingu á verkefninu, upplýsingar um kennitölur og hlutverk hvers og eins í verkefninu. Einnig skal tilgreindur tengiliður eða umboðsmaður verkefnis.
- Úthlutunarnefnd Talíu hittist innan 5 virkra daga frá fyrsta hvers mánaðar og fer yfir þær umsóknir sem fyrir liggja. Undantekning frá þessu er að ekki er úthlutað í júlí mánuði.

4. gr Fyrirkomulag afgreiðslu

4.1 Afgreiðsla sjóðssjórnar skal tilkynnt tengiliði verkefnis með tölvupósti og/eða sms-skilaboðum.

- Fjárstyrkur er greiddur þegar styrkþegi getur sýnt fram á farmiðakaup.
- Falli ferð niður skal tilkynna það til tengiliðs á skrifstofu FÍL og mun þá styrkurinn falla niður.

1. Tengiliður Talíu – Hrafnhildur Theodórsdóttir fil@fil.is 552-6040/863-7260

Þannig samþykkt á fundi stjórnar Talíu þann 30. júní 2010